

Ávarp ráðherra á byggðamálaráðstefnu í Stykkishólmi

Fundarstjóri – góðir ráðstefnugestir.

Það er vel til fundið að boða til fundar hér í Stykkishólmi þar sem byggðapróun og umhverfismál eru í brennidepli.

Stykkishólmur er góður vettvangur til ræða spurningar á borð við þá hvernig blómleg byggð, jákvæð byggðapróun og náttúrvernd geti farið saman.

Ég held að allir þeir sem koma hingað á Snæfellsnesið og í Hólminn sjái að þetta eru ekki andstæður, heldur þvert á móti vinnur hvort með öðru.

Sjálfbær og umhverfisvæn nýting á auðlindum sem Breiðafjörður hefur upp á að bjóða, vistvænn landbúnaður og matvælaframleiðsla, ósnortin náttúra og svo blómlegir bæir og gott mannlíf. Allt er þetta vel samtvinnað hér.

Mikil aðsókn ferðamanna á svæðið staðfestir þetta á vissan hátt, það er þetta samspil sem dregur fólk að – og það er á þessu samspili sem við viljum halda áfram að byggja upp og styrkja byggð og búsetu um allt land.

Við viljum sjá frekari vöxt og viðgang samfélaganna hér, að lífskjör fólks haldi áfram að batna og afrakstur þess skili öllu samfélagi ávinningi – ekki á kostnað umhverfisins heldur í samspili við það. Blómlegar byggðir sem nýta náttúruauðlindir á sjálfbæran hátt.

Þannig að þema ráðstefnunnar er vel viðeigandi og ég þakka þeim aðilum sem að henni standa fyrir það.

Byggðagleraugun

Byggðapróun og umhverfismál eru að mörgu leyti mál málanna í dag – því er mikilvægt að samþætta þau við aðra stefnumótun og aðgerðir á flestum sviðum.

Í stefnumarkandi byggðaáætlun sem Alþingi samþykkti í júní er leitast við að gera einmitt þetta: Að samþætta byggðmálin við aðra málaflokka og tryggja að **byggðagleraugun** séu lofti alltaf og alls staðar.

Ég held að okkur hafi tekist ágætlega til hvað það varðar.

Í fyrsta lagi var víðtækt samráð við mótun áætlunarinnar um allt land, fjöldi fólks kom að vinnunni sem skiluðu sér með magvíslegum hætti í áherslur og aðgerðir áætlunarinnar. Fulltrúar atvinnulífs og félagasamtaka hafa haft greiðan aðgang að því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Í öðru lagi hefur aðkoma stýrihóps stjórnarráðsins við mótun áætlunar tryggt ákveðið eignarhald ráðuneyta að stefnumörkuninni og einstökum aðgerðum. Öll ráðuneyti eiga þar fulltrúa og bein aðkoma hópsins að framkvæmd áætlunarinnar mun tryggja farsæla samþættingu hennar við stefnumörkun og framkvæmd í öðrum málaflokkum.

Í þriðja lagi er þátttaka Sambands íslenskra sveitarfélaga í bæði stýrihópnum og nú í nýskipuðu byggðamálaráði mikilvæg leið til að tryggja að hitt stjórnsýslustigið í landinu, sveitarfélögin, komi með beinum hætti að mótun og framkvæmd byggðaáætlunar.

Ég verð að segja að það var farsælt skref að færa byggðmálin til ráðuneytis sveitarstjórnarmála. Það eitt og sér hefur skapað tækifæri til að horfa heildstætt yfir sviðið – eins má segja að breytingin hafi fært lykil persónur og leikendur fyrir þessa málaflokka betur saman.

Náið og reglubundið samband ráðuneytisins við fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga skiptir þar einnig máli.

Ályktun sambandsins um byggðamál...

Byggðaáætlun tengist einnig áherslum stjórnvalda á sviði umhverfis og loftslagsmála.

Ein aðgerð áætlunarinnar gengur út á að greina tækifæri og ávinning af þjónustu sem byggist á nýtingu náttúruverndarsvæða, svo sem í náttúrutengdri ferðaþjónustu.

Við vitum það að ávinningur getur falist í friðlýsingu svæða og rekstri þeirra, svo sem með stofnun þjóðgarða eða jarðvanga. Við ætlum að meta árangur af verkefninu í fjölda fyrirtækja í náttúrutengdri ferðaþjónustu innan landshluta.

Þið hafið náð góðum árangri hér á Snæfellsnesinu á þessu sviði. Þjóðgarður styrkir svæðið, dregur að fjölda ferðamanna og skapar vettvang fyrir rannsóknir og fræðastarf. Á sama tíma njóta byggðalögin í kring, sem halda áfram í nánú samstarfi sín á milli, við ríkið og atvinnulífið á svæðinu að leita leiða til að styrkja grundvöll fyrir atvinnulíf og frekari uppbyggingu.

Þetta er til fyrirmyndar.

Umhverfis- og loftslagsmál

Stefna ríkisins á sviði umhverfis og loftslagsmála er einnig þess eðlis að hana þarf að spila við alla aðra málaflokka – þar þurfum við mjög góð og margskipt **umhverfisgleraugu**.

Þetta eru stóru viðfangsefni stjórnvalda dagsins – hér á landi sem og um allan heim. Það er skylda og verkefni allra að leggja þar hönd á plóg, stefnur og aðgerðir í öllum málaflokkum þarf að meta og mæla með hliðsjón af áhrifum á umhverfið og náttúruna.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar sýnir þessa áherslu – þessi mál eru í forgangi.

Nýlega kynnti ríkisstjórnin viðamikla og aðgerðaráætlun sem hefur það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið sín í loftslagsmálum.

Alls verður 6,8 milljörðum króna varið til 34 aðgerða á næstu fimm árum, sem er stórfelld aukning frá því sem verið hefur.

Í mínum huga er mikilvægt er að tryggja samvinnu við sveitarfélög og aðra aðila við framkvæmd áætlunarinnar. Við þurfum að setjast niður með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tryggja farsælt samráð milli ríkis og sveitarfélaga.

Það gæti t.d. tengst verkefni áætlunarinnar sem snýr að bættri landnotkun. Með því er stefnt að því að draga úr losun, meðal annars frá framræstu votlendi. Þá er stefnt að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti, svo sem með skógrækt og landgræðslu.

Átak á þessum sviði getur fallið vel að áherslum um styrkingu byggða og uppbyggingu auðlinda til atvinnusköpunar – og á það er bent sérstaklega í aðgerðaráætluninni. Nánari útfærsla á þessu verkefni liggur ekki fyrir en við í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu viljum gjarnan leggja okkar af mörkum við útfærsluna og hafa uppi byggðagleraugun sem ég nefndi áðan.

Hagsmunamat – en ekki andstæður

Oft snýst þessi umræða um hagsmunamat.

Við stöndum iðulega frammi fyrir því að þurfa að veða og meta hagsmunina þegar við viljum nýta náttúruauðlindir okkar til hagsbóta fyrir land og þjóð. Hjá því verður ekki komist.

Bygging Kárahnjúkavirkjunar var mjög umdeild aðgerð á sínum tíma út frá umhverfissjónarmiðum. Hún hafði hins vegar afgerandi þýðingu fyrir mannlífið og samfélagið fyrir austan – það þekkjum við vel. En tími stórvirkjana og stórverksmiðja er liðinn.

Uppbygging á fiskeldi um allt land er heldur ekki óumdeild út frá umhverfissjónarmiðum. Skiptar skoðanir eru um málið um allt land og það er skiljanlegt.

Við sjáum hins vegar gríðarleg áhrif á byggðapróun þar sem ráðist hefur verið í þessa uppbyggingu. Það er lygasögu líkast hvernig íbúapróun á suðurfjörðum Vestfjarða hefur snúist við á skömmum tíma eftir langvarandi fólksfækkun og mjög einhæft atvinnulíf. Mjög ánægjulegur og eftirtektarverður viðsnúningur. En það þarf að gæta ítrustu varúðar og huga að hagsmunum náttúru og framtíðar.

Minn boðskapur er sá að við þurfum á hverjum tíma að nýta okkur ráðgjöf okkar bestu sérfræðinga þegar kemur að því að meta aðgerðir sem grípa verður til svo tryggja megi sjálfbærni og náttúruvernd. Það á bæði við um gamalgróna starfsemi og áætlanir um nýjar atvinnugreina og verklegar framkvæmdir. Ný tækni á sviði umhverfisverndar þróast einnig og nýjar lausnir koma til sögunnar.

Við megum hins vegar ekki rasa um ráð fram þó nýjar upplýsingar eða nýtt mat á umhverfisáhrifum komi fram sem kalli á beinar aðgerðir.

Við fórnum ekki heilu samfélögunum þó við stöndum frammi fyrir nýjum áskorunum – við tökumst á við þær, leitum lausna.

Og það er það sem við munum gera varðandi uppbyggingu fiskeldis á Vestfjörðum – með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi – blómlegu byggðanna og náttúrunnar í senn.

Ég fer fyrir flokki sem leggur höfuðáherslu á að fólk hafi tækifæri til vinnu, flokki sem hugsar um fjölskylduna sem grunneiningu samfélagsins, flokki sem berst fyrir blómlegri byggð um allt land. Þess vegna þykir mér erfitt að horfa upp á hvernig átök öfga hafa leikið Vestfirði eins og sést í málum sem tengjast fiskeldi, Hvalárvirkjun og vegagerð um Teigsskóg. Við hljótum að geta fundið sameiginlegar lausnir til að Vestfirðir geti blómstrað. Við verðum hreinlega að moka ofan í skotgrafirnar og setjast saman og leysa málin. Fyrir því mun ég beita mér.

Umhverfisáherslur í samgönguáætlun

Ágætu ráðstefnugestir.

Ný samgönguáætlun færir okkur ekki bara tíðindi um stóraukna fjármuni til nýframkvæmda og viðhalds á vegum landsins, sem hjálpa til við að styðja við byggð og búsetu um allt land. Hún er einnig boðberi nýrrar hugsunar – nýrrar sýnar á sviði umhverfis- og loftslagsmála.

Samgönguáætlun spilar þannig mjög vel saman við aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í umhverfis og loftslagsmálum. Hún verður að eitt af mikilvægari verkfærum stjórnvalda til að ná þeim metnaðarfullu markmiðum sem sett hafa verið um minni losun jarðfnaeldsneytis og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar.

Verkefni sem unnið verður að á tímabili áætlunarinnar eru meðal annars

- ívilnanir fyrir loftslagsvæna bíla og eldsneyti
- stuðningur við innviði fyrir rafbíla og aðra vistvæna bíla
- sérstakt átak til að nýta metan frá urðunarstöðvum
- rafvæðing hafna
- efling almenningsgangna
- innlend eldsneytisframleiðsla úr plöntum og úrgangi
- og fleira sem mætti telja upp.

En til að ná þessum markmiðum þurfum við auðvitað einnig að meta hvernig við nýtum náttúruauðlindir okkar; land, fallvötn, sjó og vötn – og vindinn, sem vissulega er orðin auðlind þó hann angri oft landsmenn með ágangi sínum.

Þessum markmiðum verður hins vegar ekki gert nema með því að halda áfram auka framleiðslu á vistvænni orku um allt land. Við þurfum í því sambandi einnig að huga að því að dreifa orkunni jafnt um landið – orka verður að vera til og aðgengileg um allt land.

Þessi uppbygging mun ekki fara fram nema við gerum einhverjar málamiðlanir – hagsmunamat – til dæmis með því að leggja land undir vatnsaflsvirkjanir og leggja línumannvirki.

Þar munum við reiða okkur á ráð færustu sérfræðinga á þessum sviðum. En á endanum erum það við stjórnámálamennirnir sem þurfum að taka ábyrgð og ákvarðanir – blómlegum byggðum til heilla, sem og náttúru Íslands.

Lokaorð

Ágætu ráðstefnugestir.

Mín skoðun er sú, að jákvæð byggðapróun og náttúrvernd fari vel saman. Við þurfum bara að vanda okkur. Það er skylda okkar gagnvart komandi kynslóðum.

Góðar stundir.